

Réttinn skipuðu: hinn reglulegi formaður dómsins og sjó- og verzlunardómsmennirnir Ólafur Th. Sveinsson skipaskoðunarstjóri og Þorsteinn Þorsteinsson hagstofustjóri.

Þvi dæmist rétt vera:

Aðalstefnda, Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna greiði stefnandanum, Stýrimannafélagi Íslands, kr. 18000.00, með 6% ársvöxtum frá 4. okt. 1940 til greiðsludags, og kr. 1000.00 í málskostnað.

Varastefnd, Tryggingastofnun ríkisins (slysatryggingadeild), á að vera sýkn af kröfum stefnanda, en málskostnaður gagnvart henni falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 10. marz 1941.

Nr. 50/1940. **Jóhanna Valentínusdóttir og Guðbrandur Sigurðsson** (Einar B. Guðmundsson)  
 gegn  
**Óskari Ingvarssyni og váttryggingarfélaginu Baltica** (Sveinbjörn Jónsson).

Krafa um bætur vegna bifreiðaslyss.

### Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaði dómur er upp kveðinn af Birni Þórðarson lögmanni.

Áfrýjendur, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 28. maí f. á. hafa skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 29. s. m. krefjast þess, að stefndi Óskar Ingvarsson verði dæmdur til að greiða þeim kr. 11011.08 með 5% ársvöxtum frá 6. nóvember 1938 til greiðsludags. Svo krefjast þau og málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi Óskar Ingvarsson krefst staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Á hendur váttryggingafélaginu Baltica hafa engar kröfur

verið gerðar, né heldur hefur nokkur krafa verið gerð af hendi þess í málinu.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í héraðsdóminum ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. okt. 1939.

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 19. janúar s. l. af hjónunum Jóhönnu Valentinusdóttur og Guðbrandi Sigurðssyni í Ólafsvík gegn Óskari Ingvarssyni bifreiðarstjóra, Hólabrekku hér í bænum, til greiðslu skaðabóta, *aðallega* að upphæð kr. 20000.00, en *til vara* eftir mati réttarins, með 5% ársvöxtum frá 6. nóvember 1938 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt framlögðum reikningi eða eftir mati réttarins. Enn fremur hefur váttryggingarfélaginu Baltica, er neðangreind bifreið var tryggð hjá, verið stefnt til að gæta réttar síns við afgreiðslu málsins.

Stefndur krefst *aðallega* að verða aðeins dæmdur til að greiða hæfilegan útfararkostnað og bætur fyrir fataskemmdir, hvort tveggja eftir mati réttarins, og að sér verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður. *Til vara* krefst stefndur mikillar lækkunar á skaðabótakröfunni og niðurfalls málskostnaðar.

Málsatvik eru þau, að laugardagskvöldið 5. nóvember 1938 lánaði stefndur manni, að nafni Oddur Ólafsson, fólksflutningsbifreið sína R. 28 til aksturs hér um bæinn. Klukkan rúmlega 12 um kvöldið ók Oddur suður Barónsstíg. Var dimmt af nóttu, slæm rafmagnslysing, móða og vegurinn blautur. Er komið var suður á móts við húsið nr. 51 við Barónsstíg, vildi það slys til, að bifreiðin ók á stúlkuna Guðrúnu Guðbrandsdóttur, dóttur stefnenda. Hlaut Guðrún mjög mikil meiðsl og missti meðvitund þegar í stað. Ók Oddur henni á landsspítalann, þar sem hún komst strax undir lækna hendur. Guðrún fékk þó aldrei meðvitund og andaðist af afleiðingum slyssins 9. nóvember. Vegna slyss þessa var höfðað opinbert mál gegn Oddi, og hann dæmdur í refsingu fyrir að hafa valdið því með gálauslegum akstri. Í því máli var ekki upplýst, að Guðrún hefði sjálf átt neinn þátt í slysinu, og svo er heldur ekki í máli þessu. Verður því, í samræmi við 15. og 16. gr. bifreiðalaganna, að telja, að stefndur

beri óskipta skaðabótaábyrgð á slysinu, og kemur bótaupphæðin því næst til álita.

Stefnendur sundurliða kröfur sínar þannig:

1. Beinn kostnaður vegna andlátsins .....	kr.	811.08
2. Eyðilagður fatnaður .....	—	200.00
3. Dánarbætur .....	—	18988.92
		<hr/>
	Samtals kr.	20000.00

Um 1 og 2. Fyrir upphæðum þessum eru ýmist lögð fram fylgiskjöl eða gerð hefur verið nægileg grein fyrir þeim í rekstri málsins, og ber því að taka þá til greina að fullu.

Um 3. Guðrún var 29 ára, er hún lézt. Hún var ógift og ólofuð og talin myndarstúlka og reglusöm. Hún var hraust og vel gerð líkamlega. Atvinnu hafði hún í smjörlikisgerðinni Smári hér í bænum, og var kaup hennar kr. 180.00 á mánuði, auk einhvernna uppbótar um jól og til sumarferðalags.

Byggja stefnendur þenna lið kröfu sinnar á því, að Guðrún hafi verið fyrirvinna þeirra. Hún hafi hjálpað þeim eftir beztu getu og verið þeirra eina ellistöð, en þau voru 68 ára (Jóhanna) og 69 ára (Guðbrandur), er slysið varð.

Stefndur byggir sýknukröfuna á því, að Guðrún hafi alls ekki verið framfærandi foreldra sinna, enda hafi hún ekki haft svo miklar tekjur, að henni hefði verið það unnt né skylt. Þá sé og með öllu ósannað, að stefnendur hafi verið eða séu framfærsluþurfi, og leiði það einnig til sýknu sinnar.

Í málinu liggur fyrir vottorð hreppstjóra og oddvita í Ólafsvík, þar sem segir m. a., að vitanlegt hafi verið, að Guðrún hafi styrkt foreldra sína, svo sem þau hafi þurft, og hiklaust megi telja, að hún hefði orðið aðalstöð þeirra, ef hennar hefði notið við. Ekkert segir um það, hvernig né hve mikill þessi styrkur hafi verið, né heldur um efnahag og atvinnu foreldranna og það, hve styrkþurfi þau eru nú og hafa líkur fyrir að verða í framtíðinni. Gegn andmælum stefnds þykir þetta vottorð því ekki sanna, að stefnendur hafi á nokkurn hátt verið á framfæri Guðrúnar, enda ósannað, að þau þurfi þess með, og mjög ólíklegt, að hún hefði getað haft þau að neinu leyti á framfæri sínu með ekki meiri laun en hún hafði. Þykir því ekki unnt að taka þenna lið til greina.

Verða málalok því þau, að stefndur verður dæmdur til að greiða stefnendum kr. 1011.08 með 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu, 19. janúar 1939, til greiðsludags. Einnig verður að dæma stefndan til að greiða stefnendum málskostnað, og þykir upphæð hans hæfilega ákveðin 200.00 kr.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Óskar Ingvarsson, greiði stefnendunum, Jóhönnu Valentinusdóttur og Guðbrandi Sigurðssyni, kr. 1011.08 með 5% ársvöxtum frá 19. janúar 1939 til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. marz 1941.

Nr. 21/1941. **Valdstjórnin** (Guðmundur Í. Guðmundsson)  
 gegn  
**Bjarna Jónssyni** ((Theódór B. Lindal).

Áfenfisbrot. Ölvun.

### Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í héraðsdóminum, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Bjarni Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálf lutningsmannanna Guðmundar Í. Guðmundssonar og Theódórs B. Lindals, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 6. jan. 1941.

Árið 1941, mánudaginn 6. janúar, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu sakadómara af fulltrúa hans, Valdimar Stefánssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 61/1941: Valdstjórnin gegn Bjarna Jónssyni, er tekið var til dóms sama dag.